

Góð ávöxtun hjá bændum í Búsæld

Endurskoðunarfyrtækið KPMG mat virði Norðenska 1.325 milljónir króna í september 2007. Miðað við það var tæplega 40% eignarhlutur Búsældar um 520 milljóna króna virði. Að teknu tilliti til áætlaðs tekjuskatts um 54 milljónir króna og uppgreiðslu á skuldum Búsældar sem voru um 130 milljónir króna í árslok 2007 má áætla að virði hlutfjár í Búsæld hafi því verið 336 milljónir króna nú á haustdögum. Á sama tíma var nafnverð hlutfjár í Búsæld um 150 milljónir króna sem gefur gengið 2,2 á hlutfé í Búsæld, sem þýðir að 100 þúsund króna hlutur að nafnverði er 220 þúsund króna virði.

Ætla má að gengi bréfanna hafi hækkað meira en þessu nemur. Ef miðað er við verðmatið 1.325 milljónir króna og það lækkað um 570 milljónir, sem kostaði Búsæld að kaupa aðra hluthafa út úr Norðenska, standa eftir 755 milljónir króna, sem gefa að teknu tilliti til tekjuskattskuldbindingar og skulda Búsældar, gengi á hlutfé í Búsæld um 3,5. Að teknu tilliti til hagræðis sem skapaðist við sölu fasteigna Norðenska á Akureyri og þeirrar staðreyndar að nú liggur fyrir Alþingi frumvarp um niðurfellingu á söluhagnaði hlutabréfa í félögum eins og Búsæld má áætla gengi bréfa í Búsæld um 5 og mögulega rúmlega það. Rétt er þó að hafa í huga að þessar tölur eru byggðar á mati. Einnig ber að hafa í huga að seljanleiki hlutfjárins í Búsæld er ekki mikill í dag þar sem hömlur eru lagðar á slík viðskipti. Hins vegar er alveg ljóst, miðað við stöðuna í dag, að verðmætaaukning þess hlutfjár sem bændur hafa lagt í Búsæld er afar góð.



Starfsfólk í vinnslu Norðenska á Akureyri hefur haft nóg að gera að undanförmu við að ganga frá þorramatnum í verslanir um allt land. Þegar ljósmyndari leit við var allt á fullu við að undirbúa þökkun á hrútsþungunum sívinsælu. Frá vinstri: Ari Brjánn Baldursson, Óskar Erlendsson og Eggert H. Sigmundsson, vinnslustjóri.

Þorramaturinn sívinsæli

Bónadagurinn, 25. janúar, markar upphaf þorra. Norðenska hefur af kostgæfni undirbúið þorran sítustu mánuði og er vænst enn meiri sölu á þorramat í ár en í fyrra.

„Strax í ágúst og september hefst undirbúningur þorravertíðarinnar hjá okkur með því að setja allan þann mat í súr sem þarf að vera tilbúinn núna í janúar. Þetta eru til dæmis hrútsþungar, lundabaggar, bringur, lifrapylsa, blóðmör og sviðasultan,“ segir Eggert H. Sigmundsson, vinnslustjóri Norðenska á Akureyri.

„Það er lítið um breytingar í vinnslunni frá ári til árs. Þetta er matur með ríka hefð og viðskiptavinir okkar hafa verið mjög ánægðir með þorramatinn hjá okkur. Við framleiðum eilítið meira í ár en í fyrra til þess að mæta mikilli eftirspurn,“ segir Eggert og bætir við að hrútsþungarnir og sviðasultan njóti mestra vinsælda af súrmatnum.

Búsæld og Norðenska boða til funda með bændum

Dagana 11. til 14. febrúar nk. efna Búsæld og Norðenska til sjö funda þar sem gerð verður grein fyrir rekstri Norðenska á rekstrarárinu 2007, breytingum á eignarhaldi félagsins í desember síðastliðnum, hlutfjár aukningu í Búsæld o.fl. Á fundina koma forsvarsmenn Búsældar og Norðenska.

Fundirnar verða sem hér segir:

11. febrúar kl. 20.00

Sveitahótelid í Sveinbjarnargerði.

12. febrúar kl. 10.30

Veitingahúsið Kanslarinn á Hellu.

12. febrúar kl. 15.00

Flugleiðahótelid á Kirkjubæjarklaustri.

12. febrúar kl. 20.30

Félagsheimilið Mánagarður á Höfn.

13. febrúar kl. 15.00

Hótel Staðarborg á Breiðdalsvík.

13. febrúar kl. 20.00

Hótel Hérað á Egilsstöðum.

14. febrúar kl. 20.00

Ýdalir í Aðaldal.

Velta Norðenska um 3,2 milljarðar 2007

Velta Norðenska á árinu 2007 var um 3,2 milljarðar króna, sem er umfram áætlanir. Sala afurða Norðenska var meiri á síðasta ári en gert var ráð fyrir, einkum var mikil og góð sala á síðari hluta ársins. Endanleg afkoma fyrirtækisins á síðasta ári mun liggja fyrir í febrúar.

Sigmundur E. Ófeigsson, framkvæmdastjóri Norðenska, segist vera sáttur við hvernig til hafi tekist í rekstr-

inum á liðnu rekstrarári. „Fyrirtækið býr yfir miklum mannaúði og það er einn af mikilvægum þáttum í að tekist hefur að bæta rekstur fyrirtækisins á undanförmum árum. Við höfum verið að hagræða í rekstrinum allar götur frá 2001 og það hefur skilað miklum árangri. Okkar sölu- og markaðsstarf hefur líka skilað aukinni sölu og þá höfum við verið að ná mjög góðum árangri á nýjum mörkuðum, til

dæmis er mikil aukning í sölu á framleiðsluvörum okkar til stóreldhúsa. Ég tel að sú stefna okkar að auka vörugæði í framleiðslu fyrirtækisins hafi skilað okkur betri mynd inn á markaðinn. Salan hefur aukist í öllum vörutegundum og í raun hefðum við getað selt meira, en okkur vantaði einfaldlega meira af nauta- og grísakjöti til þess að anna eftirspurn.“

Upphaflegu markmiði Búsældar er náð

- spjallað við Jón Benediktsson, formann og Ingva Stefánsson, varaformann stjórnar Búsældar

Þann 19. desember sl. var tilkynnt að Búsæld ehf. hefði keypt öll hlutabréf í Norðlenska. Áður átti Búsæld rétt tæp 40% í fyrirtækinu, en þann 19. desember var gengið frá kaupum á hlut KEA, Akureyrarbæjar, Norðurþings og Eignarhaldsfélagsins Samvinnutrygginga í Norðlenska. Heildarupphæð þessara viðskipta var 568 milljónir króna. Jafnframt keypti fasteignafélagið Miðpunktur, í eigu Eiðs og Hreins Gunnlaugssona, fasteignir Norðlenska á Akureyri og greiðir fyrir þær á sjöunda hundrad milljóna króna.

Stjórn Búsældar vann ótullega að því á síðari hluta liðsins árs, ásamt ýmsum öðrum, að leiða þetta mál til lykta, ekki síst Jón Benediktsson, formaður og Ingvi Stefánsson, varaformaður Búsældar. Þeir lýsa hér sínum sjónarmiðum um þessi viðskipti og stöðu Norðlenska.

Stofnun Búsældar ehf. 2003

Jón Benediktsson rifjar fyrst upp að árið 2003 hafi Norðlenska verið í miklum fjárhagslegum þrengingum og brýn nauðsyn verið á endurfjármögnun fyrirtækisins.

„Tilboð kom í fyrirtækið frá Sláturfélagi Suðurlands og þá leituðu þáverandi

eigendur Norðlenska eftir því hvort möguleiki væri á því að koma fyrirtækinu í eigu bænda. Á síðari hluta árs 2003 skuldbundu búnaðarsamböndin í Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslum sig til þess að freista þess að stofna félag bænda með það fyrir augum að kaupa Norðlenska. Til liðs við okkur kom Búnaðarsamband Austurlands og einstaklingar á Austurlandi og úr varð stofnun Búsældar í desember 2003.

Það er rétt að halda því til haga að á þessum tíma vorum við í mikilli óvissu vegna þess að málið valt á því hvort við fengjum bændur, þ.e. kjötframleiðendur á svæðinu, til liðs við okkur. Auðvitað voru skiptar skoðanir um málið, en þær voru þó ekki skiptari en svo að langstærstur hluti þeirra sem höfðu verið í viðskiptum við Norðlenska gengu til liðs við Búsæld. Flestir þeirra sem ekki gerðust aðilar að Búsæld voru minni framleiðendur sem sáu sér ekki hag í því að eiga aðild að félaginu.

Ári síðar, 2004, tók Norðlenska við rekstri sláturhússins á Höfn og bændur á því svæði gengu til liðs við okkur. Árið 2005 var ákveðið að leggja niður sláturhús á Kirkjubæjarklaustri og hópur bænda

sem hafði slátrað fé sínu þar gekk einnig til liðs við okkur og slátrar núna á Höfn.

Allar götur frá því að Norðlenska var endurreist hefur félagið verið að auka sína veltu og styrkja sig sem sterkt vinnslu- og markaðsfyrirtæki, auk slátrunarinnar, og það segir sína sögu að Norðlenska er í dag að samanlögðu í nautakjöti, lambakjöti og svínakjöti stærsti sláturleyfishafi landsins.“

Þekkt form á eignarhaldi afurðastöðva

„Vissulega var stofnað til Búsældar á sínum tíma til þess að framleiðendur eignuðust allt félagið,“ heldur Jón áfram.

„Sjálfur var ég þó aldrei viss um að það myndi takast. Við höfum hins vegar alltaf unnið út frá því að komast eins langt með að ná þessu markmiði og frekast væri unnt. Við komumst síðan alla leið þann 19. desember síðastliðinn. Aðdragandinn að þessari niðurstöðu var nokkuð langur og ferillinn talsvert flókin. Í febrúar 2007 hófust viðræður milli Búsældar og KEA um verðmatið á Norðlenska sem síðan fór fram og kveðið var á um í hluthafasamkomulagi Búsældar og KEA. Endanlegt verðmat var gefið út 26. september sl. og

Nokkrir punktar til upprifjunar

■ Í upphafi árs 2003 lá fyrir að eigið fé Norðlenska myndi ganga til þurrðar. Rekstrarerfiðleikar urðu m.a. vegna mikilla afskrifta og rangs mats á birgðum frá Kjötumboðinu, auk þess sem markaðsaðstæður fyrir kjöt voru mjög erfiðar á þessum tíma.

■ Forsvarsmenn fjárfestingafélagsins Kaldbaks, sem að stærstum hluta var í eigu KEA, leituðu til búnaðarsambandanna í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum með tilboð um samvinnu um endurfjármögnun Norðlenska með það fyrir augum að framleiðendur myndu á nokkrum árum eignast Norðlenska að meirihluta og síðan að fullu.

■ Í ágúst 2003 var komin hugmynd að endurfjármögnun fyrirtækisins í samstarfi KEA, Kaldbaks, Akureyrarbæjar, Húsavíkurbæjar, fulltrúa kjötframleiðenda og fleiri. Fyrir lá viljayfirlýsing um að framleiðendur stofnuðu með sér félagskap með það að markmiði að eignast Norðlenska í áföngum.

■ Tilboð barst frá SS í ágúst 2003 um kaup á Norðlenska. Fulltúar búnaðarsambandanna í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum ásamt fulltrúum búgreinafélaganna á svæðinu samþykktu 29. ágúst að óska eftir því við stjórn KEA að félagið myndi kaupa öll hlutabréf Kaldbaks í Norðlenska. Jafnframt kom fram vilji framleiðenda til þess að stofna félag sem myndi kaupa hlutafé fyrir 100 milljónir króna í fyrstu – með það að markmiði að eignast meirihluta í Norðlenska og síð-

an félagið að fullu. Daginn eftir samþykkti stjórn KEA að félagið myndi kaupa öll hlutabréf Kaldbaks í Norðlenska fyrir 250 milljónir króna. Fyrir lá staðfestur vilji Akureyrarbæjar og Húsavíkurbæjar um að koma einnig að málinu.

■ Akureyrarbær, Húsavíkurbær og Eignarhaldsfélagið Samvinnutryggingar keyptu í kjölfarið hluti í Norðlenska samtals að upphæð 83 milljónir króna. Jafnframt minnkaði KEA sinn hlut en hélt eftir 170 milljónum króna eða 42,5% hlutafjár.

■ Búsæld ehf., félag kjötframleiðenda í Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslum og á Austurlandi, var stofnuð í desember 2003 og var markmið félagsins að eignast ráðandi hlut í Norðlenska. Gert var strax ráð fyrir að kjötframleiðendur myndu leggja til hliðar hluta af andvirði innleggs síns hjá Norðlenska og eignast þannig hver um sig hlut í Búsæld ehf. Í apríl 2004 keypti Búsæld síðan 147 milljóna króna hlut í Norðlenska, eða um 37% hlutafjár.

■ Þann 19. desember sl. keypti Búsæld ehf. síðan hlut allra annarra hluthafa í Norðlenska. Í fyrsta lagi 45,45% hlut KEA í Norðlenska á genginu 1,705 fyrir 426 milljónir króna. Í öðru lagi samtals 15,08% hlut Akureyrarbæjar, Norðurþings og Eignarhaldsfélagsins Samvinnutrygginga á sama gengi fyrir 142 milljónir króna. Heildarviðskiptin námu því 568 milljónum króna. Jafnframt voru fasteignir Norðlenska á Akureyri seldar til fasteignafélagsins Miðpunkts.



Aðal- og varamenn í stjórn Búsældar á fundi á Akureyri fyrr í þessum mánuði. Frá vinstri: Geir Árdal, Dæli, Aðalsteinn Jónsson, Klausturseli, Ingvi Stefánsson, Teigi, Jón Benediktsson, Auðnum, Trausti Þórisson, Hofsa og Þórarinn Ingi Pétursson, Laufási. Á myndina vantar Gróu Jóhannsdóttur í Hlíðarenda, varamann í stjórn Búsældar.

frá því að það lá fyrir og fram til 19. desember var unnið markvisst að málinu.

Ég er að sjálfsögðu ánægður með að það upphaflega markmið að Búsæld eignaðist allt félagið skyldi nást. Í mínum huga er mikilvægt að framleiðendurnir sjálfir hafi umráð yfir stærstu afurðastöðvunum og tryggi sér þar eignar- og stjórnunaraðild. Þetta form á eignarhaldi er þekkt í grannlöndum okkar og nægir þar að nefna Gilde í Noregi, sem trúlega er með um 50 sinnum meiri veltu en Norðlenska. Gilde er samvinnufélag í eigu framleiðenda um allan Noreg. Sama gildir um mjólkursamlög á Norðurlöndunum og einnig má nefna að þetta form er þekkt í Bretlandi.

Það liggja miklir sameiginlegir hagsmunir í því að framleiðendur séu svo nátengdir rekstri vinnslustöðvarinnar. Það eru hagsmunir okkar framleiðenda að fyrirtækið gangi vel, að það geti greitt okkur fyrir afurðirnar og tryggt sé að fyrirtækið hluta nóvember hafi staðan verið farin að þrengjast mjög á lánsfjármörkuðum og því hafi í raun lokast möguleikar til fjármögnunar í bankakerfinu, eins og lagt hafi verið upp með. „Við höfðum hins vegar verið búnir að íhuga þann möguleika að selja fasteignirnar á Akureyri og fjármagna kaupin á þennan hátt. Þegar sá möguleiki í raun lokaðist að fjármagna kaupin beint í gegnum bankakerfið, fórum við að skoða betur þann möguleika að selja fasteignirnar og niðurstaðan varð þessi. Það hefur vissulega vakið spurningar að félag í eigu þeirra Kjarnafæðisbræðra kaupi fasteignirnar, en þetta eru tvö aðskilin mál og það er ekki á döfinni að svo stöddu að sameina þessi tvö kjötvinnslufyrirtæki.

Sala fasteignanna á Akureyri

Eins og Jón formaður Búsældar nefnir hér að framan var upphaflegt markmið Búsældar að eignast allt hlutfé í Norðlenska og því markmiði hefur nú

verið náð. Kaup Búsældar á hlut KEA í fyrirtækinu byggði á hluthafasamkomu-lagi sem KEA og Búsæld gerðu árið 2004 og kvað á um að Búsæld hefði rétt á kaupum á öllum hlutabréfum KEA í Norðlenska fyrir árslok 2007.

Aðkoma fasteignafélagsins Miðpunkts, sem er í eigu þeirra Kjarnafæðisbræðra, Eiðs og Hreins Gunnlaugssona, að málinu með kaupum á fasteignum Norðlenska á Akureyri og yfirtöku á lóðarleigusamningi, skipti sköpum í því að Búsæld og þar með framleiðendur gátu eignast Norðlenska að fullu. Rétt er að taka fram í þessu sambandi að eftir sem áður verður Norðlenska með stórgripasláturhús og kjötvinnslu í núverandi húsakynnum, en mun eftir þessa sölu leigja þau samkvæmt bindandi tólf ára leigusamningi. Engar breytingar verða hins vegar á Húsavík, Norðlenska á og rekur áfram húseignirnar þar.

Jón Benediktsson segir að síðari hluta nóvember hafi staðan verið farin að þrengjast mjög á lánsfjármörkuðum og því hafi í raun lokast möguleikar til fjármögnunar í bankakerfinu, eins og lagt hafi verið upp með. „Við höfðum hins vegar verið búnir að íhuga þann möguleika að selja fasteignirnar á Akureyri og fjármagna kaupin á þennan hátt. Þegar sá möguleiki í raun lokaðist að fjármagna kaupin beint í gegnum bankakerfið, fórum við að skoða betur þann möguleika að selja fasteignirnar og niðurstaðan varð þessi. Það hefur vissulega vakið spurningar að félag í eigu þeirra Kjarnafæðisbræðra kaupi fasteignirnar, en þetta eru tvö aðskilin mál og það er ekki á döfinni að svo stöddu að sameina þessi tvö kjötvinnslufyrirtæki.

Fasteignafélagið Miðpunktur á fleiri fasteignir á Akureyri og þegar þessi lóð

bauðst, þá töldu eigendur félagsins að þarna væri um að ræða fjárfestingu. Þetta er og verður í framtíðinni eftirsótt byggingarsvæði og í því sá Miðpunktur mikil tækifæri og viðskiptabanki félagsins var sammála því mati. Ef eitthvert annað fasteignafélag hefði komið fram með jafn gott tilboð í fasteignir Norðlenska og Miðpunktur hefði það alveg eins getað orðið fyrir valinu. Þessi niðurstaða var okkur hagfeld og gerði okkur þegar upp er staðið kleift að ráðast í kaup á öllum hlutabréfum í Norðlenska,“ segir Jón.

Ingvi Stefánsson segir að heilt yfir hafi hann fengið mjög jákvæð viðbrögð bænda á kaup Búsældar á öllum hlutabréfum í Norðlenska, en eðlilega hafi menn spurt helst út í kaup fasteignafélags þeirra Kjarnafæðisbræðra á fasteignum Norðlenska á Akureyri. „Það er full ástæða til þess að undirstrika að fleiri aðilar sýndu því áhuga að kaupa fasteignir félagsins á Akureyri, en þegar upp var staðið var tilboð þessa fasteignafélags, Miðpunkts, hagstæðast fyrir okkur. Þess vegna var gengið að tilboði þess.“

Hlutafjárukning í Búsæld

Ingvi Stefánsson segir að til að ljúka kaupum Búsældar á Norðlenska liggi fyrir að auka þurfi hlutafé í Búsæld um 50-100 milljónir til viðbótar því sem framlög af afurðaverði hafi skilað og sé því stefnt að hlutafjárukningu í félaginu á næstu vikum. Sú hlutafjárukning er háð samþykki hluthafafundar Búsældar, en stefnt er að því að halda kynningarfundum vegna þessa fljótlega. Jón segir að til að byrja með verði Norðlenska eingöngu í eigu framleiðenda í gegnum Búsæld, „en við erum opnir fyrir því að fá með okkur einhvern eða einhverja samstarfsaðila, ef

góðir kostir bjóðast í þeim efnum, ef það gæti orðið til þess að styrkja enn frekar stöðu fyrirtækisins, bæði fjárhagslega og á markaði.“

Spennandi tímar framundan

„Það er ljóst í mínum huga að það eru mjög spennandi tímar framundan í þessum geira, en að sama skapi er hagræðingarkrafa í greininni og því teljum við skynsamlegt að styrkja eiginfjárstöðu Norðlenska enn frekar. Það er alveg ljóst að Norðlenska þarf áfram markvisst að vinna í markaðsmálum, vöruþróun og fleiru til þess að mæta samkeppni á markaðnum og standast allar þær kröfur sem uppi eru. Til þess að þetta verði sem best gert þarf töluverða fjármuni og fyrirtækið þarf að vera sterkt til þess að takast á við þau verkefni sem eru framundan.“

Ég er bjartsýnn á framtíð Norðlenska. Fyrirtækið, eins og kjötmarkaðurinn í heild, fór í gegnum mikla erfiðleika á árunum 2002 til 2004 og stóð þá af sér. Norðlenska býr yfir frábæru starfsfólki sem hefur verið að gera mjög góða hluti. Byggt hefur verið upp afar öflugt upplýsingakerfi og sömuleiðis er tæknistigið gott, á bæði Akureyri og Húsavík eru öflugar úrbeiningarlínur sem hafa sannarlega skilað því sem til var ætlast.

Neysluvenjur fólks eru almennt að breytast. Fólk hefur minni tíma til þess að standa yfir pottunum og við því þurfum við að bregðast. Meðal annars tel ég að Norðlenska muni leggja aukna áherslu á þróun og framleiðslu á hverskonar tilbúnum réttum. Í samanburði við nágrannalöndin erum við Íslendingar

komnir skammt á veg í þeim efnum,” segir Ingvi Stefánsson.

Horft fram á veginn

„Á undanförunum árum hafa orðið miklar breytingar í rekstri Norðlenska og vinnslu- og markaðsmálum. Þeirri vinnu verður haldið áfram af fullum þunga, enda nauðsynlegt fyrir Norðlenska að fylgjast vel með tækni- og vöruþróun sem á sér stað á hverjum tíma og vera helst í fararbroddi í þeim efnum. Við höfum ekki í hyggju að fara í róttæka uppstokkun á fyrirtækinu í kjölfar þessara breytinga á eignarhaldi, en ætlum að halda áfram á þeirri framfarabraut sem fyrirtækið hefur verið á. Afkoma fyrirtækisins á síðustu tveimur árum sýnir að það hefur náð góðri og stöðugri siglingu eftir miklar breytingar í rekstrinum á umliðnum árum,“ segir Jón.

Fyrst um sinn situr stjórn Búsældar í stjórn Norðlenska, en að sögn Jóns er ekki hugmyndin að svo verði lengi. „Ég á von á því að eins og verið hefur muni fulltrúar úr stjórn Búsældar sitja í stjórn Norðlenska, en við teljum réttara að halda þessum félögum aðskildum þannig að nokkrir af stjórnarmönnum í Norðlenska séu utanaðkomandi,“ segir Jón og Ingvi tekur undir með honum að full ástæða sé til þess nú, þegar Búsæld hafi náð því upphaflega markmiði að kaupa allt hlutafé í Norðlenska, að þakka sérstaklega fyrir aðkomu KEA, Akureyrarbæjar, Norðurþings og Eignarhaldsfélagsins Samvinnutrygginga að fjárhagslegri endurreisn Norðlenska árið 2003 og rekstri félagsins síðan.

Ný fjárrétt á Húsavík

Fyrir næstu sláturtíð verður komin ný fjárrétt hjá Norðlenska á Húsavík. Í kjölfar síðustu haustsláturtíðar var gamla fjárréttin rifin og ný verður sett upp á næstu vikum.

Útveggir fjárréttarinnar verða klæddir og síðan verður nýju gólfi komið fyrir, sem kemur hingað til lands í einingum frá Bretlandi og er von á þarlandum uppsetningarmönnum undir lok febrúar. Gólf réttarinnar verður í 2 metra hæð, sem gerir það að verkum að mun auðveldara verður að þrifa réttina og hreinsa út skítinn sem til fellur í hverri sláturtíð, en ætla má að hann sé á bilinu 36-40 tonn. Sambærileg gólf hafa verið sett upp í fjárréttum SAH á Blönduósi og KS á Sauðárkróki og reynst vel.

Sigmundur Hreiðarsson, vinnslustjóri Norðlenska á Húsavík, segir tímabært að fara í þessar framkvæmdir. „Gamla fjárréttin hefur dugað mjög vel, en hún var fyrst notuð haustið 1971. Gamla réttin er hins vegar „barn“ síns tíma og kominn tími á endurbætur, enda óvíst að hún hefði staðið af sér eina sláturtíðina enn,“ segir Sigmundur Hreiðarsson.

Ánægður með hvernig til hefur tekist

- segir Helgi Teitur Helgason, útibússtjóri Landsbankans á Akureyri

Frá upphafi hefur Landsbankinn verið viðskiptabanki Norðlenska og því hefur bankinn fylgst vel með þróun fyrirtækisins í gegnum tíðina. Helgi Teitur Helgason, útibússtjóri Landsbankans á Akureyri, segir ánægjulegt að sjá hvernig tekist hafi á undanförunum árum að færa rekstur Norðlenska til betri vegar. „Ég er mjög ánægður með hvernig til hefur tekist og leyfi mér að efast um að í þessari atvinnugrein geti mörg fyrirtæki státað af jafn miklum afkomubata á svo skömmum tíma,“ segir Helgi Teitur.

„Ég tel að eitt þeirra atriða sem skipt hafa gríðarmiklu máli fyrir Norðlenska hafi verið sú ákvörðun að tengja félagið bændum og í raun sú fyrirætlan sem lagt var af stað með að koma félaginu í hendur bænda, í gegnum félag þeirra Búsæld ehf. Með því hefur Norðlenska verið tryggt hráefni og bændum í raun gert kleift að kaupa Norðlenska smám saman. Ég held nefnilega að félagsmenn Búsældar hafi verið að gera ljómandi kaup á finu fyrirtæki, sem ég tel að eigi sér framtíð á þessum markaði.“



Helgi Teitur Helgason, útibússtjóri Landsbankans á Akureyri.

Helgi Teitur segist fagna því að nú hafi upphaflegu markmiði Búsældar verið náð, að eignast Norðlenska að fullu. „Þessi árangur er fyrst og fremst miklu harðfyllgi forsvarsmanna og ráðgjafa Búsældar að þakka, en við í Landsbankanum gerðum

hvað við gátum svo þetta mætti ganga saman. Ég vona að þau skref sem bændur tóku í gegnum Búsæld í desember hafi verið farsæl og verði Norðlenska til gæfu. Það mun tíminn einn leiða í ljós, en mér sýnist því ekkert til fyrirstöðu, ef rétt er haldið á spilunum,“ segir Helgi Teitur.

Hann segir fyrir liggja að nú þurfi að auka hlutafé í Búsæld til að ljúka kaupunum á Norðlenska. „Miðað við fyrirliggjandi verðmat á Norðlenska ráðlegg ég bændum að skoða vel það tækifæri sem fyrir þeim liggur, en forsvarsmenn Búsældar geta skýrt það betur og munu væntanlega gera það með bros á vör, enda sýnist mér ekki ástæða til annars,“ segir Helgi Teitur. Hvað fjármögnun hlutafjárlaunaukningar í Búsæld varðar, segist Helgi Teitur hvetja bændur til að hafa samband við þá Landsbankamenn. „Ég hvet bændur hikaust til að hafa samband við okkur, við munum taka vel á móti þeim sem til okkar leita hvað varðar framhaldið og leita lausna fyrir þá sem hafa áhuga á að taka þátt í hlutafjárlaunaukningunni,“ segir Helgi Teitur Helgason.

Mikið traust ríkir milli Norðlenska og bænda

- segir Sigmundur E. Ófeigsson, framkvæmdastjóri Norðlenska

Eins og kemur fram í annarri frétt í fréttabréfinu var velta Norðlenska sem næst 3,2 milljarðar króna á síðasta ári, sem var ívið meiri velta en áætlanir gerðu ráð fyrir. Salan var töluvert meiri en gert var ráð fyrir, einkum á síðari helmingi ársins. Sigmundur E. Ófeigsson, framkvæmdastjóri Norðlenska, segir að á undanförunum árum og misserum hafi markvisst verið unnið að því að bæta rekstur fyrirtækisins með hagræðingu á öllum sviðum og það hafi skilað sér. „Það er alltaf hægt að gera betur og við munum halda áfram að leita hagræðingar á öllum sviðum í rekstrinum, en engu að síður höfum við nú þegar náð mjög góðum árangri,“ segir Sigmundur.

Horfur fyrir 2008

Hvað horfur fyrir þetta ár varðar segir Sigmundur að framboðið á nautgripum til slátrunar hafi heldur verið að aukast og því megi vænta að jafnvægi náist á nautakjötsmarkaðnum á árinu. Ekki sé að vænta aukningar í svínakjötsframleiðslunni, raunar hafi einn framleiðandi á þessu svæði, Arnarfellsbúið í Eyjafjarðarsveit, hætt rekstri. Hins vegar séu svínabændur á svæðinu að kanna möguleikann á stækkun búa sinna. „Það er ljóst að við munum ekki sjá aukningu í framboði á svínakjöti hér á þessu ári og það er áhyggjuefni, enda þyrftum við, ef vel á að vera, að fá töluvert meira svínakjöt. Við leggjum áherslu á að sinna okkar föstu viðskiptavinum, en skortur á svínakjöti hamlar frekari vexti í sölu á svínakjöti sem við teljum að við hefðum alla möguleika á.“

Varðandi lambakjötið tel ég að sé töluverð óvissa. Útflutningsskyldan mun detta út eftir þetta ár. Sú spurning vaknar hvornig við því verður brugðist, því til þessa hafa verið flutt út um 1200 tonn af lambakjöti árlega, sem eru umfram neyslu á innanlandsmarkaði.

Sala á lambakjöti hefur eilítið verið að gefa eftir á síðustu mánuðum. Ein af ástæðunum fyrir því tel ég vera að neytendur gera síaukna kröfu um að fá fullunna vöru. Tíminn sem fer í að elda á heimilum landsins er alltaf að verða styttri og því er í auknum mæli gerð krafa um hálf tilbúna eða tilbúna rétti. Lambið hentar ekki eins vel til þess að mæta þessum kröfum eins og til dæmis svína- og kjúklingakjöt. Auðvitað er stöðugt í gangi vöruþróun í lambakjötinu til þess að mæta þessum kröfum markaðarins, en það má segja að lausnirnar séu ekki auðfundnar. Sem dæmi má nefna að á pizzastöðunum fer lítið fyrir lambakjöti. Nautahakkið hef-



Sigmundur E. Ófeigsson, framkvæmdastjóri Norðlenska.

ur skapað sér hefð ofan á t.d. pizzurnar og þeirri hefð verður ekki svo auðveldlega breytt. Sú áhersla hefur verið nokkuð ríkjandi að selja lambakjötið í hlutuðum skrokkum og núna þegar þróunin á markaðnum er hröð í þá átt að neytendur vilji hálf tilbúna eða tilbúna rétti virðist lambakjötið sitja eftir. Þrátt fyrir þetta tel ég að ef rétt er á málum haldið í vöruþróun og markaðsmálum muni tími lambakjötsins koma, enda er það hollustuvara. Lambið lifir nær eingöngu á villtum gróðri í úthaga, þ.e. ekki á ábornum túnnum, og þessi staðreynd tel ég að muni skipta máli þegar til lengri tíma er litið. En vaxtartími lambsins er auðvitað mun lengri en í t.d. hvíta kjötinu og þess vegna verður það alltaf dýrara í framleiðslu.“

Breytingar á eignarhaldi Norðlenska

Búsæld eignaðist Norðlenska að fullu undir lok ársins 2007, eins og fram hefur komið. „Í þessum breytingum á eignarhaldi tel ég að felist ýmis tækifæri fyrir fyrirtækið. Norðlenska kemur til með að vinna nánar með framleiðendum að auknum vörugæðum og að uppfylla kröfur markaðarins. Með því að Búsæld hefur eignast öll hlutabréf í Norðlenska verða tengsl framleiðenda við markaðinn nánari.“

Á sínum tíma settu menn sér það markmið að Búsæld eignaðist Norðlenska að fullu. Margir höfðu efasemdir um að þessu markmiði væri unnt að ná og ég skal viðurkenna að við stjórnendur fyrirtækisins vorum efins, í ljósi þess hversu hratt fyrirtækið stækkaði, að bændum tækist að eignast allt rekstrarfélagið. En nú er það sem sagt í höfn.

Það ríkir mikið traust á milli fyrirtækisins og bænda og til marks um það sýnir viðhorfskönnun sem við létum gera fyrir okkur meðal innleggjenda hjá Norðlenska, bæði þeirra sem eru samningsbundnir innan Búsældar og þeirra sem standa utan Búsældar, að meginþorri þeirra, eða yfir 90%, hafa jákvætt viðhorf gagnvart fyrirtækinu og hafa á því traust.“

Nú eru um 530 bændur í Búsæld og eru þannig bundnir samningi um innlegg hjá Norðlenska. Alls voru innleggjendur hjá félaginu hins vegar um 700 á síðasta ári. „Innleggjendum hefur verið að fjölga og eftir að gengið var frá kaupum Búsældar á öllum hlutabréfum í Norðlenska finnum við fyrir auknum áhuga bænda á að koma að félaginu,“ segir Sigmundur E. Ófeigsson.

Hjá Norðlenska starfa 170-180 manns, þar af sem næst 110 á Akureyri, um 50 á Húsavík, 8 á Höfn og 6 í Reykjavík.

Orðsending til nautgripa- og sauðfjárþænda

Norðlenska vill beina því til þeirra bænda sem eru með naut í eldi og vilja koma þeim til slátrunar hjá Norðlenska á næstunni að óska eftir slátrun með góðum fyrirvara. Það auðveldar niðurröðun og skipulagningu slátrunarinnar.

Einnig vill Norðlenska beina því til sauðfjárþænda sem vilja koma með lömb til slátrunar fyrir páska að hafa sem fyrst samband við Norðlenska.

Afgerandi jákvætt viðhorf til Norðlenska

- samkvæmt niðurstöðum viðhorfskönnunar bænda sem eiga viðskipti við Norðlenska


Í nóvember og desember sl. vann Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri viðhorfskönnun fyrir Norðlenska þar sem leitað var eftir viðhorfum bænda til fyrirtækisins og þeirrar þjónustu sem það veitir. Meðal annars var spurt um upplifun viðskiptavina á þjónustu Norðlenska, hvað vel væri gert og hvað mætti betur fara sem og samskipti við starfsfólk. Einnig var spurt um gæði og gildi upplýsingaflæðis milli bænda og fyrirtækisins, aðgengi að upplýsingum og starfsmönnum ásamt almennum viðhorfum til fyrirtækisins og framtíðarhorfur þess. Samandregið eru helstu niðurstöður könnunarinnar þær, svo vitnað sé beint til lokaorða skýrslu RHA, „að viðhorf svarenda til Norðlenska er almennt séð mjög jákvætt sem og sú þjónusta sem fyrirtækið veitir. Langflestir svarendur könnunarinnar hafa fulla trú á fyrirtækinu og framtíðarmöguleikum þess.“

Um símakönnun var að ræða þar sem hringt var í viðskiptavinum Norðlenska í nóvember og desember sl. Í úrtaki könnunarinnar voru 824 manns. Af þeim náðist samband við 640 og féllust 575 á að taka þátt, sem þýðir 70% svarhlutfall. Af svarendum voru 68% karlar og 32% konur. Flestir svarendur eru búsettir á Eyjafjarðarsvæðinu eða 31% og næstflestir á Austurlandi eða 24,5%.

Viðhorf svarenda til Norðlenska er almennt séð mjög gott því nær 94% svarenda lýsa viðhorfi sínu til fyrirtækisins sem mjög eða frekar jákvæðu. Samkvæmt könnuninni er Norðlenska í hugum flestra framleiðslufyrirtæki sem tekur við gripum til slátrunar. Jafnframt má sjá að í hugum margra er Norðlenska leiðandi framleiðslufyrirtæki á landsvísi á sviði kjötvöru. Meirihluti svarenda alls staðar af landinu nema á Austurlandi og Suðurlandi svara því til að í hugum þeirra merkir Norðlenska leiðandi framleiðslufyrirtæki á landsvísi á sviði kjötvöru. Í hugum meirihluta svarenda á Austurlandi og Suðurlandi merkir Norðlenska framleiðslufyrirtæki sem tekur við gripum til slátrunar.

Þjónusta Norðlenska

Í könnuninni var spurt út í almenna



Telur þú að Norðlenska verði leiðandi framleiðslufyrirtæki á sviði kjötvöru í framtíðinni, greint eftir kyni.

ánægju eða óánægju með þjónustu fyrirtækisins og hversu vel eða illa þjónustan standist þær væntingar sem viðkomandi gerir til fyrirtækisins. Jafnframt var spurt út í aðgengi að slátruhúsi, móttöku gripa, greiðslutilhögun og viðskiptasamninga. „Heilt yfir má segja að svarendur séu almennt ánægðir með þjónustu Norðlenska. Yfir 90% svarenda eru mjög eða frekar ánægðir með þjónustu Norðlenska og hjá rúmlega 87% svarenda stenst þjónustan mjög eða frekar vel þær væntingar sem þeir gera til fyrirtækisins,“ segir í skýrslu RHA um könnunina.

Svarendur gáfu aðgengi að slátruhúsi, móttöku gripa og greiðslutilhögun einkunn á bilinu 1-5 þar sem fimm er hæsta einkunnin sem hægt er að gefa og einn sú lægsta. Algengast er að svarendur gefi aðgengi að slátruhúsi einkunnina fjóra af fimm mögulegum eða 288 svarendur og 128 svarendur gefa einkunnina þrjá. Svipaða sögu er að segja varðandi móttöku gripa, algengast er að svarendur gefi móttöku gripa einkunnina fjóra eða 260 svarendur.

Afstaða til viðskiptasamninga

Heilt yfir má sjá að það er almennt ánægja meðal svarenda með viðskiptasamning sinn við Norðlenska því 75% svarenda svara því til að þeir séu mjög eða frekar ánægðir með hann.

Greina má mun á ánægju með viðskiptasamninginn eftir aldri þannig að hærri aldur þýðir í raun meiri ánægju með samninginn. Jafnframt má sjá að tengsl koma fram eftir búsetu þannig að svarendur á Eyjafjarðarsvæðinu og í Borgarfirði og Skagafirði eru almennt óánægðari með samningin en svarendur

á öðrum svæðum. Eins má sjá að innleggjendur sauðfjár eru aðeins ánægðari með viðskiptasamninginn en innleggjendur annarra afurða.

Fréttabréfið mikilvægur upplýsingamiðill


Könnunin leiðir í ljós að algengast er að svarendur hafi samskipti við starfsfólk Norðlenska í gegnum síma. Almenn ánægja er með samskipti við starfsfólk Norðlenska. Rúmlega 91% svarenda metur heilt yfir að þeir séu almennt mjög eða frekar ánægðir með samskipti sín við starfsfólk Norðlenska.

Mikil ánægja kom fram með fréttabréf Norðlenska og Búsældar. Rúmlega 94% svarenda telja mjög eða frekar mikilvægt að fá fréttabréfið sent heim og af þeim telja 48% svarendur það mjög mikilvægt. Nær allir svarendur lesa fréttabréfið þegar það kemur og í flestum tilvikum lesa þeir það nokkuð vel, eða 249 svarendur, og 195 svarendur lesa það mjög vel.

Heimasíða Norðlenska er minna notuð til upplýsingaöflunar, samkvæmt könnuninni. Raunar kemur í ljós að um 30% svarenda hafa ekki aðgang að internetinu, einkum virðist vera pottur brotinn í þeim efnunum á Austurlandi.

Mikilvægt að eiga stóran hlut í Norðlenska

Um 86% svarenda telja mikilvægt að bændur eigi sem stærstan hlut í Norðlenska. Um 81% telja að verðmæti hlutafjár í Norðlenska hafi aukist. Nær allir svarendur í könnuninni telja að Norðlenska verði leiðandi framleiðslufyrirtæki á sviði kjötvöru í framtíðinni eða tæp 98% þeirra sem svöruðu spurningunni.



Hvernig myndir þú lýsa viðhorfi þínu til Norðlenska, telur þú það vera jákvætt eða neikvætt, greint eftir kyni.



Eiður Gunnlaugsson, framkvæmdastjóri og Gunnlaugur Eiddsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Kjarnafæðis.

Hagsmunamál fyrir okkur að Norðlenska gangi vel

- spjallað við framkvæmdastjóra og aðstoðarframkvæmdastjóra Kjarnafæðis

Óhætt er að segja að það sem gerði gæfumuninn í kaupum Búsældar á hlutabréfum í Norðlenska í desember sl. hafi verið sala fasteigna Norðlenska á Akureyri til fasteigna félagsins Miðpunkts. Það er í eigu Eiðs og Hreins Gunnlaugssona, sem oftast eru kenndir við Kjarnafæði. Þeir feðgar Eiður Gunnlaugsson, framkvæmdastjóri Kjarnafæðis og Gunnlaugur Eiddsson, aðstoðarframkvæmdastjóri, segja að tvennt hafi öðru fremur ráðið því að Miðpunktur kom að viðskiptunum með þessum hætti. Annars vegar hafi það verið mat þeirra að afar mikilvægt væri fyrir svæðið að hér yrði áfram öflug kjötvinnsla, það sé einfaldlega hagur Kjarnafæðis að Norðlenska gangi vel. Í annan stað sé þessi lóð góður fjárfestingarkostur. Enginn vafi sé á því að innan fárra ára verði gjörbreyting á landnýtingu á Eyrinni, þar með talið á þessari lóð,

miklar líkur séu á því að til framtíðar muni rísa íbúðabygging á þessu svæði.

Harðfylgi Glitnismanna

Gunnlaugur Eiddsson segir að oft hafi komið upp hugmyndir um sameiningu eða nána samvinnu Kjarnafæðis og Norðlenska, en Kjarnafæðismenn hafi ekki talið þær hugmyndir nægilega álitlegan kost. Í ljósi þess að Kjarnafæði hafi skipt rekstrinum upp í annars vegar rekstrarfélag og hins vegar fasteignafélagið Miðpunkt hafi opnast sá möguleiki að koma að kaupum Búsældarmanna á hlutabréfum í Norðlenska með því að kaupa húseignir Norðlenska. Málið hafi gengið hratt fyrir sig núna á haustdögum og niðurstaðan hafi orðið þessi. „Það varð sem sagt niðurstaðan í þessum þreifingum að við gætum með þessu móti orðið Búsældarmönnum að liði við að fjár-

magna þessi kaup, enda hefur það alltaf verið okkur kappsmál að Norðlenska væri áfram með öfluga starfsemi hér á svæðinu,“ segir Gunnlaugur.

„Við megum ekki gleyma því að við höfum mikilla hagsmuna að gæta,“ bætir Eiður við. „Þessir framleiðendur eru bæði að framleiða fyrir Norðlenska og okkur. Við gerðum okkur grein fyrir því að bankakerfið var að lokast núna í haust með fyrirgreiðslu og því voru flest sund Búsældarmanna að lokast í málinu. Við vildum því skoða þann flöt á málinu að kaupa fasteignir Norðlenska hér á Akureyri og fengum liðsinni Glitnis, sem er okkar viðskiptabanki, við það verkefni. Ég vil segja að þetta hafðist vegna mikils harðfylgis þeirra Glitnismanna hér á Akureyri. Þeir skynjuðu sterkt hversu mikilvægt það væri bæði fyrir Norðlenska og okkur að þetta myndi ganga eftir,“ segir Eiður.

Mikilvæg þekking á svæðinu

„Sumir eru ef til vill hissa á því að fyrirtæki á samkeppnismarkaði, Norðlenska og Kjarnafæði, hafi snúið saman bókum í þessu máli, en það er einfaldlega mikið hagsmunamál fyrir okkur að Norðlenska gangi vel. Eftir að bændur komu inn í Norðlenska á sínum tíma hafa þeir ásamt stjórnendum fyrirtækisins gjörbreytt rekstri þess til hins betra, bætt tæknistigið og gert fyrirtækið á allan hátt samkeppnishæfara til framtíðar. Það er okkur og öllum sem hér búa mikilvægt að þessi þekking haldist hér á svæðinu. Eigendahópur Norðlenska er í dag augljós og hann hefur nákvæmlega sömu sýn og við sem rekum Kjarnafæði,“ segir Eiður.

- *Gæti komið til frekari samvinnu eða jafnvel sameiningar Norðlenska og Kjarnafæðis í framhaldinu?*

„Það gæti allt eins orðið en það hefur ekki og er ekki uppi á borðinu í tengslum við þessi viðskipti. Hvað framtíðin ber í skauti sér er ómögulegt að segja,“ segir Gunnlaugur og Eiður bætir við að mögulega muni fyrirtækin auka samvinnu sín í milli á næstunni. „Þó svo að þessi tvö félög séu vitanlega í mikilli samkeppni á markaði tel ég að ríki góður andi á milli félaganna,“ segir Eiður.

Fyrirsjáanlegar breytingar á landnotkun á Eyrinni

Eiður segist ekki sjá fyrir sér að slátrun og kjötvinnsla verði á Eyrinni í mörg ár til viðbótar, þróunin verði án efa sú hér á Akureyri eins og í öðrum stórum þéttbýliskjörnum að starfsemi sem þessi muni færast í útjaðar bæjarins. „Við horfðum einfaldlega á þessa lóð sem góðan fjárfestingarkost til framtíðar og það var annað meginmarkmiðið með kaupum á þessum fasteignum Norðlenska. Hitt markmiðið var að aðstoða Búsældarmenn við að klára þessi viðskipti. Það voru í senn þeirra og okkar hagsmunir að málið yrði farsælliga leitt til lykta. Ég er mjög ánægður með að það skyldi takast,“ segir Eiður Gunnlaugsson.

Lambafita til Bretlands

Eins og venjulega var mikil vinnutörn hjá starfsfólki Norðlenska á Húsavík við vinnslu á lambakjöti í aðdraganda jóla og er óhætt að segja að sú vertíð hafi gengið afar vel og starfsfólk staðið sig með þryði.

Þegar einni vertíðinni lýkur tekur sú næsta við og nú í ársbyrjun eru starfsmenn 48 á Húsavík og verkefnið er næg. „Við þurfum að vera vel undirbúin fyrir sprengidaginn og einnig erum við að vinna fyrir útflutning á Færeyjar og Bretland. Við höfum áður selt úrbeinuð slög til Bretlands, en nú erum við einnig farin að senda hreina lambafitu þangað,“ segir Sigmundur Hreiðarsson.

Uppgjör slátrunar ársins 2007 hjá Norðlenska

Norðlenska var stærsti sláturleyfishafi landsins árið 2007, samkvæmt fyrirliggjandi tölum. Heildarslátrun Norðlenska á liðnu ári nam 3.732.200 kg, en næst kom Stjörnugrís hf. með 3.712.087 kg og Sláturfélag Suðurlands með 3.429.303 kg. Þetta er þriðja árið í röð sem Norðlenska er stærsti sláturleyfishafi landsins.

Sauðfjárslátrun

Sauðfjársláturtíðin hjá Norðlenska gekk í stórum dráttum mjög vel. Á liðnu hausti náðist að slátra á skemmri tíma en 2006 og því var hagkvæmni meiri við slátrunina.

Eins og sést í töflu 1 urðu óverulegar breytingar milli ára ef bornar eru saman tölur yfir heildarfjölda sláturfjár og heildarþunga. Á Húsavík varð eilítil fækkun sláturfjár milli ára, en hins vegar aukning á Höfn. Heildarfjöldi og magntölur eru þegar upp er staðið svipaðar milli ára. Á landsvisu var hlutur Norðlenska í dilkslátrun árið 2007 nánast sá sami og árið 2006.

Í töflu 2 kemur fram að meðalþyngd dilka var örlítið lægri sl. haust en haustið 2006 – 15,19 kg árið 2007 samanborið við 15,27 kg árið 2006. Þá sýna tölur í töflu 2 að fitugerð hefur lækkað milli ára, sem þýðir með öðrum orðum að fita var minni sl. haust en árið 2006. Hins vegar hafa tölur um kjötgerð hækkað, sem segir til um að kjötgæði voru meiri sl. haust en haustið 2006.

Sigmundur Hreiðarsson, vinnslustjóri Norðlenska á Húsavík og Einar Karlsson, sláturhússtjóri á Höfn, eru sammála um

Tafla 1	2006	2007
Húsavík - fjöldi	81.463	80.220
Húsavík - kg	1.299.859	1.270.152
Höfn - fjöldi	33.344	34.288
Höfn - kg	520.051	533.998
Heildarfjöldi	114.807	114.508
Heildarmagn	1.819.910	1.804.150



að sláturtíðin hafi þegar á heildina er liðið gengið vel. „Slátrunin gekk mjög vel. Veður var hagstætt og flutningar sláturfjár hingað gengu því mjög vel. Starfsfólk stóð sig með miklum ágætum og það er full ástæða til að þakka því sérstaklega fyrir vel unnin störf,“ segir Sigmundur Hreiðarsson.

Einar Karlsson segir að á Höfn hafi

Tafla 2	2006	2007
Húsavík - meðalþyngd	15,31	15,21
Húsavík - fitugerð	6,22	6,18
Húsavík - kjötgerð	7,58	7,87
Höfn - meðalþyngd	15,18	15,15
Höfn - fitugerð	6,77	6,76
Höfn - kjötgerð	7,98	8,42
Meðalþyngd - heild	15,27	15,19
Fitugerð - heild	6,38	6,35
Kjötgerð - heild	7,70	8,03

haustslátrunin gengið ágætlega, þrátt fyrir óvenju miklar rigningar á þessum slóðum í haust. Eins og á Húsavík komu margir erlendir verkamenn til Hafnar til þess að vinna í sláturtíðinni. Einar sagði að hinir erlendu starfsmenn hafi verið sérstaklega öflugir og fljótir að tileinka sér rétt vinnubrögð við slátrunina.

Nautgripaslátrun

Nautgripaslátrun Norðlenska gekk vel á árinu 2007 og varð nokkur aukning frá fyrra ári. Nautgripaslátrun hefur ekki verið meiri hjá fyrirtækinu í fjögur ár og er að komast á svipað ról og áður en samdráttur var í nautgripaelði. Í fyrra var slátrað um 440 fleiri nautgripum hjá Norðlenska en 2006, eða 3.563 gripum og þarf að fara aftur til ársins 2004 til þess að finna sambærilega tölu, en þá komu 3.547 nautgripir til slátrunar hjá Norðlenska. Heildarþyngd nautakjöts var rétt tæp 800 tonn í fyrra og meðalþyngd 225 kg, sem er 4 kg meiri meðalþyngd en árið 2006 og 7 kg meiri meðalþyngd en árið 2004.

Svínaslátrun

Svínaslátrun var á mjög svipuðu róli og árið 2006 hvað magn varðar, en nokkur fækkun varð í fjölda gripa milli ára. Þar vegur þyngst að einn framleiðandi hætti á árinu. Hins vegar hefur meðalþyngd aukist, eftir að hafa lækkað árin 2005 og 2006. Heildarþyngd svínakjöts í fyrra var 1.118 tonn, sem er óverulegur samdráttur milli ára þrátt fyrir að um 800 færri gripir hafi komið til slátrunar í fyrra samanborið við 2006 – þ.e. 14.520 gripir árið 2007 en 15.319 gripir árið 2006. Meðalþyngd gripa hefur hins vegar aukist umtalsvert milli ára – var 77 kg í fyrra en 73,56 árið 2006. Meðalþyngdin í fyrra var í takti við árið 2004 þegar hún var 77,13 kg.

Til félagsmanna í Búsæld

Vinnugallar

Norðlenska hefur ákveðið að gefa félagsmönnum í Búsæld merka vinnugalla. Þá er hægt að fá afhenta á skrifstofum Norðlenska dagana 28. janúar til 15. febrúar á skrifstofutíma kl. 9–16.

Upplýsingar gefur Svala í síma 460 8850.

Hluthafafundar Búsældar


Búsæld ehf. boðar til hluthafafundar að Sel-Hótel Mývatn 19. febrúar nk. kl. 13.00.

Dagskrá:

1. Tillaga um aukningu hlutfjár í Búsæld ehf.
2. Önnur mál.

Stjórn Búsældar ehf.

Heildarslátrun



Á þessari mynd má sjá að Norðlenska er stærsti sláturleyfishafi landsins í fyrra. Stjörnugrís er eilítil minni og þriðji stærsti sláturleyfishafinn er Sláturfélag Suðurlands.